

Fundargerð - Stjórn FRÍ

Fundur númer:	19. fundur stjórnar FRÍ 2024-2026
Auglýstur tími:	Þriðjudagur 28. október 2025 (11.45 til 13.00)
Staðsetning:	Fundur haldinn í gegnum fjarfundaforritið Google Meet.
Fundarstjórn:	Freyr Ólafsson
Fundarritun:	Haukur Björnsson
Fundarmæting:	Aðalstjórn: Auður Árnadóttir (AÁ), Freyr Ólafsson (FÓ), Haukur (HB), Sonja Sif Jóhannsdóttir (SSJ), Sveinn Margeirsson (SM) Varastjórn: Rannveig Oddsdóttir (RO), Skrifstofa: - Forfölluð: Hafdís Ósk Pétursdóttir (HÓP), Björgvin Víkingsson (BV), Hallgrímur Egilsson (HE), Hjördís Ólafsdóttir (HÓ) Gestir: -

Fundur settur kl. 11.45.

1. Fundarskóp

- Fundur og fundarboðun lögmæt 
- Fundargerðir: Engar fundargerðir lagðar fram til samþykktar.
- Rafrænt afgreidd erindi frá síðasta fundi: Engin rafrænt afgreidd erindi.

2. Fjármál (uppgjör, áætlanir og rekstur skrifstofu)

AÁ kynnti uppgjör fyrir janúar til september 2025, en afkoma (EBITDA) var neikvæð 2,7 mkr á tímabilinu. AÁ kynnti einnig útkomuspá fyrir árið 2025. Lottótekjur og þjónustugjöld eiga eftir að skila sér og gert er ráð fyrir að tekjur verði 14,4 mkr yfir áætlun ársins. Á móti er gert ráð fyrir að gjöld verði 15,1 mkr yfir áætlun, og að afkoma ársins verði neikvæð um 0,6 mkr.

AÁ fór einnig yfir drög að rekstraráætlun FRÍ fyrir árið 2026. Í henni er gert ráð fyrir að tekjur hækki lítillega á milli ára og verði 128,0 mkr árið 2026. Reiknað er með að gjöld lækki lítillega og verði 126,1 mkr. Gert er ráð fyrir að afkoma verði 1,8 mkr. Nokkurrar óvissu gætir í nokkrum tekjuliðum og þróun stórra kostnaðarliða, svo sem flugfargjalda.

Rekstur FRÍ		Raun		Spá	Útkomuspá	Frávik frá áætlun	
ISK	2024	2025 Á	Jan-Sep 2025	okt-des 2025	jan-des 2025	jan-des 2025	2026 Á
Tekjur							
Framlög og styrkir	83,859,859	84,900,000	76,414,690	19,200,000	95,614,690	10,714,690	95,200,000
Tekjur af mótum	16,287,207	15,200,000	19,125,148	0	19,125,148	3,925,148	20,200,000
Aðrar tekjur	13,175,502	12,260,000	6,016,403	6,000,000	12,016,403	-243,597	12,580,000
Tekjur samtals	113,322,568	112,360,000	101,556,241	25,200,000	126,756,241	14,396,241	127,980,000
Gjöld							
Laun og launatengd gjöld	-33,421,914	-38,500,000	-31,644,859	-10,864,630	-42,509,489	-4,009,489	-44,370,000
Greiðslur til keppenda og félaga	-23,309,170	-21,000,000	-20,967,813	-7,000,000	-27,967,813	-6,967,813	-27,200,000
Kostnaður við mót erlendis	-29,557,353	-34,000,000	-30,851,218	-2,000,000	-32,851,218	1,148,782	-31,150,000
Kostnaður við mót innanlands	-9,951,702	-7,000,000	-9,591,158	0	-9,591,158	-2,591,158	-8,900,000
Rekstur skrifstofu	-10,392,557	-8,360,000	-7,332,333	-2,444,111	-9,776,444	-1,416,444	-10,265,266
Kynning fræðsla og útbreiðsla	-5,222,050	-1,800,000	-2,576,016	-300,000	-2,876,016	-1,076,016	-3,300,000
Ýmis kostnaðir	-580,870	-1,500,000	-1,334,530	-400,000	-1,734,530	-234,530	-950,000
Gjöld samtals	-112,435,616	-112,160,000	-104,297,927	-23,008,741	-127,306,668	-15,146,668	-126,135,266
EBITDA	886,952	200,000	-2,741,686	2,191,259	-550,427	-750,427	1,844,734

3. Formannafundur FRÍ – undirbúningur

Samþykkt að Formannafundur FRÍ verði haldinn klukkan 19.30 miðvikudaginn 26. nóvember nk. Umræður um dagskrá og undirbúning fundarins. Eftirfarandi dagskrá lögð til og samþykkt:

- a) Skýrsla stjórnar og stefnumörkun
- b) Fjármál FRÍ
- c) Mótaskrá FRÍ 2026
- d) Frjálsíþróttapeing í Reykjavík 2026
- e) Kynning á Roster, nýju mótaforriti
- f) Önnur mál

4. Skipulagsmál skrifstofu

Í ljósi þröngrar fjárhagsstöðu sambandsins, og óvissu um nokkra tekjuliði, er lagt til að fullt stöðugildi verkefnastjóra verði gert að hlutastarfi (50% til 60%). Nú þegar hefur verktaka miðlunar verið tilkynnt um fækkun vinnustunda á mánuði. Samþykkt samhljóða.

5. Hugmyndir frá World Athletics

Umræðu frestað.

6. Niðurstaða dómstóls ÍSí og viðbrögð, vegna agamála

Umræðu frestað.

7. Uppskeruhátíð - dagsetning, boðun og vinnulag

Áður samþykkt að halda þann 19. desember nk. Verkefnastjórar FRÍ (Soffía og Íris) sitja í undirbúningsnefnd.

8. Ábending frá mótanefnd

FÓ fór yfir ábendingu um að reglugerð um tímaseðla sé ekki fylgt á MÍ 11 til 14 ára, sjá viðhengi. Málið snýr að óheppilegri tímasetningu 300 metra hlaupa sem var ekki í samræmi við reglugerð. Umræður. Stjórn staðfestir að fylgja eiga reglugerð og hefur ekki samþykkt frávík í þessu tilviki. Formanni falið að svara erindi mótanefndar.

9. Keppni trans-barna í frjálsíþróttum

Umræðu frestað til næsta fundar.

10. Gagnamál og skráning

Tilboð *Tilastopaja OY Track and Field Statistics* um gagnabjónustu (skráningarforrit) kynnt. Stefnt er að því að fá tekjur á móti þjónustugjöldum. Umræður. Samþykkt að semja við Tilastopaja með fyrirvara um að gögnin verði aðgengileg þegar/ef viðskiptum verður hætt.

11. Önnur mál

- Mönnun unglinganefndar FRÍ. Umræður.
- Umræður um útfærslu íslandsmeistara í maraþoni með hliðsjón af tillögu langhlaupanefndar. FÓ og SSJ falið að skoða áfram.
- Undirbúningsnefnd hundraðasta Meistaramóts FRÍ á næsta ári hefur hafið störf. Formaður nefndarinnar er Jónas Egilsson, heiðursformaður FRÍ.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 13.02.

Fylgigögn:

- Uppgjör FRÍ janúar til september 2025 (sjá töflu að ofan)
- Ábending mótanefndar FRÍ um tímaseðið MÍ 11 til 14 ára.